

Mál nr. 132/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að hinn 27. maí 2019 hafi M, við vinnu sína í þágu Y, verið að störfum í húsnæði X, en Y mun m.a. hafa þjónustað brunavarnarkerfi X. Hafi M verið að fara niður fellistiga sem liggja um lúgu upp á háloft þegar festingar stigans gáfu sig með þeim afleiðingum að M og stiginn féllu á gólfið. Leiddi fallið til líkamstjóns M sem hafi verið óvinnufær í um tíu vikur frá slysdegi. M hafi greint Z, húsverði í húsnæði X frá slysinu, og fyrir liggur yfirlýsing þess síðarnefnda, dags. 30. janúar 2022, um að hann hafi hitt M þennan dag, M hafi borið sig illa og sagst þurfa að fara á bráðamóttöku. Hafi Z skoðað aðstæður og greinilegt hafi verið að stiginn hafi losnað úr festingunum. Hafi Z í kjölfarið komið tilkynningu til þáverandi yfirmanns fasteignadeildar X. M telur bótarétt úr ábyrgðartryggingu X til staðar. Er byggt á því að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins, sbr. 79 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem tilkynning hafi ekki verið send fyrir en 26. nóvember 2019. Hafi því engin rannsókn farið fram af hálfu Vinnueftirlitsins og verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði. Vísar M sérstaklega til 1. mgr. 17. gr. sömu laga sem leiði til þess að X hafi verið skylt að tilkynna um slys M þrátt fyrir að hann hefði verið starfsmaður Y. Hvað vitneskju X um slysið varði fái það svo stoð í yfirlýsingu Z að X hafi verið tilkynnt um slysið þegar fyrir hádegi á slysdegi. Er þá byggt á því að fellistiginn hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur sem leiði af lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum með stoð í þeim. Hann hafi verið vanbúinn og aðstæður á slysstað verið hættulegar. Mikil slysaþætta hafi verið af notkun stigans í því ástandi sem hann var á slysdegi og hefði verið auðvelt að koma í veg fyrir slys M með því t.d. að aðgæta festingar stigans með reglulegu millibili. V hafi hafnað kröfu M með bréfi dags. 20. desember 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að verkefni það sem M sinnti í húsnæði X á slysdegi hafi verið alfarið á ábyrgð Y, sem veiti X tiltekna þjónustu við yfirferð á brunakerfi. Engin vitni hafi orðið að slysinu og enga lýsingu eða skráningu um slysið sé að finna í kerfum X sem hafi ekki fengið vitneskju um það fyrir en löngu síðar. Þá hafi X ekki fengið neinar ábendingar eða kvartanir vegna stigans fyrir slys M, og engin sambærileg slys hafi átt sér stað áður. Einhverju eftir slys M hafi það þó verið metið svo að tímabært væri að endurnýja umræddan stiga en það verði ekki metið X til sakar og hafi endurnýjun stigans verið ótengd umræddu atviki. Ekki verði séð að slys M sé að rekja til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu enda hafi X ekki verið kunnugt um vanbúnað á stiganum. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt fyrirbyggjandi samskiptum lögmanns M við Vinnueftirlitið barst því ekki tilkynning um slysið fyrir en 28. nóvember 2019. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Jafnvel þó byggt sé á fyrirbyggjandi yfirlýsingu Z, húsvardar í húsnæði X, verður ekki ráðið af henni að þá þegar hafi verið ljóst að M yrði óvinnufær í einn eða fleiri daga, eða að líkur væru til þess að hann hefði orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, en í lýsingu Z segir að M hafi ekki borið sig vel

og að hann hafi sagt Z að hann þyrfti að fara á bráðamóttöku. Verður þá ekki greint af gögnum málsins að M, eða vinnuveitandi hans Y, hafi tilkynnt X um að slysið hefði leitt til óvinnufærni. Er því ekki talið sýnt að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að umrætt atvik hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr og að rannsókn þess á aðstæðum, skv. 81. gr. sömu laga, hafi ekki farið fram. Telja má ljóst af lýsingu M og Z, samkvæmt yfirlýsingu hans um skoðun á vettvangi, að festingar umrædds stiga hafi gefið sig. Ekki liggur hins vegar fyrir hvað leiddi til þess að þær gáfu sig, en engin sérstök skoðun á stiganum eða festingum hans virðist hafa farið fram í kjölfar slyssins og engin vitni voru að umræddu atviki. Þá liggur ekkert fyrir um að X hafi fyrir slysið verið kunnugt um vanbúnað eða bilun í stiganum og ekki liggur fyrir annað en að hann hafi verið af viðurkenndri gerð. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að líkamstjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir